

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 460/2004

2008/EES/27/21

frá 10. mars 2004

um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fjarskiptanet og upplýsingakerfi eru orðin grundvallarþáttur í efnahagslegri og samfélagslegri þróun. Tölvuvinnsla og nettengingar eru að verða útbreiddar nauðsynjar á sama hátt og rafmagns- og vatnsveita eru nú þegar. Öryggi fjarskiptaneta og upplýsingakerfa, einkum aðgengi að þeim, er því vaxandi áhyggjuefni í þjóðfélaginu, ekki síst vegna hugsanlegra vandamála í mikilvægum upplýsingakerfum, vegna þess hversu flókin þau eru, óhappa, mistaka og árása sem geta haft afleiðingar fyrir efnisleg grunnvirki sem veita þjónustu sem er nauðsynleg fyrir velferð borgara Evrópusambandsins.
- 2) Aukinn fjöldi öryggisbrota hefur þegar valdið verulegu fjárhagslegu tjóni, grafið undan tiltrú notenda og skaðað þróun rafrænna viðskipta. Einstaklingar, opinberar stjórnýslustofnanir og fyrirtæki hafa brugðist við með því að nota öryggistækni og öryggisstjórnunaráðferðir. Aðildarríkin hafa gripið til ýmissa stuðningsáðgerða, s.s. upplýsingaherferða og rannsóknarverkefna til að auka net- og upplýsingaöryggi í öllu þjóðfélaginu.

- 3) Hætta er á að flókin net- og upplýsingakerfi, fjölbreytileiki samtengdra vara og þjónustu og mikill fjöldi einkaaðila og opinberra aðila, sem bera ábyrgð á eigin rekstri, grafi undan snurðulausri starfsemi innri markaðarins.

- 4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ⁽³⁾ er mælt fyrir um verkefni innlendra stjórnvalda sem fela í sér samstarf þeirra í millum og við framkvæmdastjórnina á gagnsæjan hátt til að tryggja þróun á samræmdum eftirlitsvenjum, sem stuðlar að öflugri vernd persónuupplýsinga og einkalífs og tryggir heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta.

- 5) Til gildandi löggjafar Bandalagsins heyra einnig tilskipun 2002/20/EB ⁽⁴⁾, tilskipun 2002/22/EB ⁽⁵⁾, tilskipun 2002/19/EB ⁽⁶⁾, tilskipun 2002/58/EB ⁽⁷⁾, tilskipun 1999/93/EB ⁽⁸⁾, tilskipun 2000/31/EB ⁽⁹⁾ sem og ályktun ráðsins frá 18. febrúar 2003 um framkvæmd áðgerðaráætlunar um rafræna Evrópu 2005 ⁽¹⁰⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2005 frá 8. júlí 2005 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 13.10.2005, bls. 23.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 220, 16.9.2003, bls. 33.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 19. febrúar 2004.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um fríðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB C 48, 28.2.2003, bls. 2.

- 6) Tilskipun 2002/20/EB veitir aðildarríkjum rétt að binda almennu heimildina skilyrðum er varða öryggi almennra neta gegn óheimilum aðgangi í samræmi við tilskipun 97/66/EB⁽¹⁾.
- 7) Í tilskipun 2002/22/EB er þess krafist að aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja heildstæði og aðgengi almenna talsímanetsins á föstum stöðum og að fyrirtæki, sem veita talsímaþjónustu sem er öllum aðgengileg á föstum stöðum, geri allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja óslitinn aðgang að neyðarþjónustu.
- 8) Í tilskipun 2002/58/EB er þess krafist að sá sem býður fram rafræna fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, geri viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að standa vörð um öryggi þeirrar þjónustu sem hann veitir og einnig er krafist fjarskiptaleyndar og leyndar á tengdum umferðargögnum. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽²⁾, er þess krafist að aðildarríkin kveði á um að ábyrgðaraðilinn geri viðeigandi, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn eyðingu eða tapi af slysi eða fyrir ólöglegri eyðingu, breytingum, óheimilli birtingu eða aðgangi, einkum ef vinnslan felur í sér sendingu gagna á neti og gegn allri ólöglegri vinnslu í hvaða mynd sem er.
- 9) Í tilskipun 2002/21/EB og tilskipun 1999/93/EB er að finna ákvæði um staðla sem birta skal í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Aðildarríkin nota einnig staðla frá alþjóðlegum stofnunum sem og raunstaðla sem þróaðir eru af iðnaðinum á heimsvísu. Nauðsynlegt er fyrir framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að geta fylgst með þeim stöðlum sem uppfylla kröfur löggjafar Bandalagsins.
- 10) Þessar ráðstafanir á innri markaðnum krefjast mismunandi tæknilegrar og skipulagslegrar beitingar af hálfu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Um er að ræða tæknilega flókin verkefni og á þeim er ekki til einhver ein augljós lausn. Mismunandi beiting þessara krafna getur leitt til lausna sem eru ekki skilvirkar og geta þær orsakað hindranir á innri markaðinum. Þetta kallar á að stofnuð verði miðstöð sérfræðipækkingar á evrópskum vettvangi þar sem veitt er leiðsögn, ráðgjöf og, ef eftir henni er leitað, aðstoð innan markmiða hennar, sem Evrópuþingið, framkvæmdastjórnin eða þar til bærir aðilar, sem aðildarríkin tilnefna, geta reitt sig á. Aðildarríkin geta tilnefnt innlend stjórnvöld, sem tilgreind eru samkvæmt tilskipun 2002/21/EB, sem þar til bærar aðila.
- 11) Komið yrði til móts við þessar þarfir með því að koma á fót Evrópustofnun, Evrópustofnuninni um net- og upplýsingaöryggi, hér á eftir nefnd „stofnunin“, sem starfar sem miðstöð og öðlast trúverðugleika í krafti sjálfstæðis síns, gæða álitserðanna, sem hún sendir frá sér, og upplýsinganna, sem hún kemur á framfæri, í krafti gagnsæis í málsmeðferð og starfsaðferðum og í krafti þeirrar kostgæfni sem hún sýnir við lausn þeirra verkefna sem henni eru falin. Stofnunin skal byggja á innlendu starfi og starfi innan Bandalagsins og skal því inna verkefni sín af hendi í fullu samstarfi við aðildarríkin og vera opin gagnvart tengslum við iðnaðinn og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Þar sem rafræn net eru að stórum hluta í einkaeign skal stofnunin byggja á tillögum frá og samstarfi við einkageirann.
- 12) Framkvæmd verkefna stofnunarinnar skal ekki trufla valdsvið og skal ekki hafa áhrif á, hindra eða skara viðkomandi völd og verkefni sem falin eru:
- innlendum stjórnvöldum, eins og sett er fram í tilskipuninum er varða rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, sem og evrópskum hópi eftirlitsaðila fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB⁽³⁾, og fjarskiptanefndinni sem um getur í tilskipun 2002/21/EB,
 - evrópskum staðlastofnunum, innlendum staðlastofnunum og fastanefndinni eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu⁽⁴⁾,
 - eftirlitsyfirvöldum aðildarríkjanna í tengslum við vernd einstaklinga með tilliti til meðferðar persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.
- 13) Til að skilja betur viðfangsefnið á sviði net- og upplýsingaöryggis er þörf á að stofnunin greini núverandi og nýja áhættur og í því skyni er stofnuninni heimilt að safna viðeigandi upplýsingum, einkum með spurningalistum, án þess að leggja nýjar skyldur á einkageirann eða aðildarríkin um að afla gagna. Lita skal á nýja áhættu sem vandamál, sem þegar eru sýnileg, sem hugsanlega áhættu sem kann að ógna net- og upplýsingaöryggi í framtíðinni.

⁽¹⁾ Tilskipun 97/66/EB Evrópuþingsins og ráðsins frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1). Tilskipunin felld úr gildi og í stað hennar kom tilskipun 2002/58/EB.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

- 14) Til að tryggja tiltrú á net- og upplýsingakerfi er nauðsynlegt að einstaklingar, fyrirtæki og opinberar stjórnsýslustofnanir fái nægilegar upplýsingar, menntun og hjálfun á sviði net- og upplýsingaöryggis. Opinber yfirvöld hafa það hlutverk að auka vitund með því að upplýsa almenning, lítil og meðalstór fyrirtæki, fyrirtækjasamsteypur, opinberar stjórnsýslustofnanir, skóla og háskóla. Nauðsynlegt er að þróa þessar ráðstafanir frekar. Aukin upplýsingaskipti milli aðildarríkja munu auðvelda slíkar aðgerðir til vitundarvakningar. Stofnunin skal veita ráðgjöf varðandi bestu starfsvenjur við vitundarvakningu, hjálfun og námskeiðahald.
- 15) Stofnunin skal hafa það verkefni að stuðla að öflugu net- og upplýsingaöryggi innan Bandalagsins og að þróa net- og upplýsingaöryggismenningu í þágu borgaranna, neytenda, fyrirtækja og opinberra stofnanna í Evrópusambandinu og stuðla þannig að snurðulausri starfsemi innri markaðarins.
- 16) Skilvirk öryggisstefna skal byggjast á vel þróuðum aðferðum við áhættumat, bæði innan opinberra geirans og einkageirans. Aðferðir og verklagsreglur við áhættumat eru notaðar á mismunandi stigum og engar sameiginlegar venjur eru um skilvirka beitingu þeirra. Framgangur og þróun bestu starfsvenja við áhættumat og fyrir rekstrarsamhæfar lausnir við áhættustjórnun innan opinberra stofnana og einkastofnana mun auka öryggi net- og upplýsingakerfa í Evrópu.
- 17) Í starfi stofnunarinnar skal notast við yfirstandandi rannsóknir, þróun og tæknilega matsstarfsemi, einkum það sem framkvæmt er innan mismunandi framtaksverkefna Bandalagsins á sviði rannsókna.
- 18) Eftir því sem við á og nytsamlegt er fyrir stofnunina að því er varðar starfssvið hennar, markmið og verkefni skal hún deila reynslu sinni og almennum upplýsingum með aðilum og stofnunum sem komið er á fót samkvæmt lögum Evrópusambandsins og fjalla um net- og upplýsingaöryggi.
- 19) Vandamál í tengslum við net- og upplýsingaöryggi eru hnattræns eðlis. Þörf er á nánari samvinnu á heimsvísu til að bæta öryggisstaðla, bæta upplýsingar og stuðla að sameiginlegri nálgun á málefnum er varða net- og upplýsingaöryggi á heimsvísu og stuðla þannig að þróun net- og upplýsingaöryggismenningar. Skilvirkt samstarf við þriðju lönd og allan heiminn er einnig verkefni sem leysa má á evrópskum vettvangi. Í þessu skyni skal stofnunin leggja sitt af mörkum til aðgerða Bandalagsins til að starfa með þriðju löndum og, eftir því sem við á, alþjóðastofnunum.
- 20) Í starfsemi sinni ber stofnuninni að taka tillit til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 21) Til að tryggja með skilvirkum hætti að stofnunin leysi af hendi störf sín er rétt að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin eigi fulltrúa í stjórn sem hefur nauðsynlegar heimildir til að semja fjárhagsáætlun og hafa eftirlit með framkvæmd hennar, samþykka við-eigandi fjárhagsreglur, koma á gagnsæjum vinnureglum við ákvarðanatöku stofnunarinnar, staðfesta starfsáætlun stofnunarinnar, samþykkja eigin starfsreglur og innri rekstrarreglur stofnunarinnar, skipa framkvæmdastjóra og segja honum upp. Stjórnin skal sjá til þess að stofnunin sinni verkefnum sínum samkvæmt skilyrðunum sem gera henni kleift að starf í samræmi við þessa reglugerð.
- 22) Fastahópur hagsmunaaðila kæmi að gagni við að halda uppi reglubundnum skoðanaskiptum við einkageirann, neytendasamtök og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Fastahópur hagsmunaaðila, sem framkvæmdastjórinn kemur á fót og sem lýtur formennsku hans, skal einbeita sér að málefnum sem skipta alla hagsmunaaðila máli og vekja athygli framkvæmdastjórans á þeim. Framkvæmdastjórinn getur, eftir því sem við á og í samræmi við dagskrá funda, boðið fulltrúum Evrópuþingsins og annarra viðeigandi aðila að sækja fundi hópsins.
- 23) Nauðsynlegt er, svo að stofnunin geti starfað sem skyldi, að framkvæmdastjóri hennar sé skipaður á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunar-hæfileika auk hæfni og reynslu sem tengist net- og upplýsingaöryggi og að viðkomandi sinni skyldum sínum algjörlega óháð og af sveigjanleika með tilliti til skipulags á innra starfi stofnunarinnar. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórinn leggja fram tillögu að starfsáætlun stofnunarinnar, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og fastahóp hagsmunaaðila, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi framkvæmd starfsáætlunar stofnunarinnar, semja ár hvert drög að ársskýrslu, sem lögð er fyrir stjórnina, taka saman drög að áætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar og sjá um framkvæmd fjárhagsáætlunar.
- 24) Framkvæmdastjórinn skal eiga kost á að stofna sérstaka vinnuhópa til að fjalla um tiltekin vísinda- og tæknimál. Þegar framkvæmdastjórinn kemur á sérstökum vinnuhópum skal hann leita eftir framlagi frá og virkja viðeigandi sérfræðinga í einkageiranum. Sérstöku vinnuhóparnir skulu gera stofnuninni kleift að hafa aðgang að nýjustu, tiltæku upplýsingunum til að geta brugðist við öryggisvandamálum sem koma upp í upplýsingaþjóföðfélaginu sem er í stöðugri þróun. Stofnunin skal tryggja að sérstakir vinnuhópar hennar séu hæfir og dæmigerðir og að í þeim séu, eftir því sem við á og í samræmi við tiltekin málefni, fulltrúar

opinberra stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna, einka-geirans, þ.m.t. atvinnulífið, notenda og háskóla-sérfræðinga í net- og upplýsingaöryggi. Stofnuninni er heimilt, ef nauðsyn ber til, að bæta við vinnuhópna sjálfstæðum sérfræðingum sem hafa öðlast viðurkenningu á því sviði sem um ræðir. Sérfræðingarnir, sem taka þátt í störfum sérstakra vinnuhópa sem stofnunin skipuleggur, skulu ekki vera í starfsliði stofnunarinnar. Stofnunin skal standa straum af kostnaði þeirra í samræmi við innri reglur hennar og gildandi fjárhagsreglugerðir.

25) Stofnunin skal beita viðeigandi Bandalagslöggjöf um almennan aðgang að skjölum eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001⁽¹⁾ og um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga eins og fram kemur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001⁽²⁾.

26) Innan starfssviðs, markmiða og framkvæmdar verkefna sinna skal stofnunin einkum uppfylla ákvæði sem gilda um stofnanir Bandalagsins, sem og innlenda löggjöf varðandi meðferð viðkvæmra skjala.

27) Til að tryggja fullt sjálfsförræði og sjálfstæði stofnunarinnar er talið nauðsynlegt að hún hafi sjálfstæðan fjárhag og að tekjur hennar séu fyrst og fremst framlag Bandalagsins. Fjárlagagerð Bandalagsins gildir áfram fyrir hvers kyns fjárframlög af almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Endurskoðunarrétturinn skal annast endurskoðun reikninga.

28) Ef nauðsynlegt er og á grundvelli samninga sem gerðir eru getur stofnunin haft aðgang að þeirri tülkaþjónustu, sem aðalskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar fyrir tülkun veitir, eða að annari tülkaþjónustu sem aðrar stofnanir Bandalagsins veita.

29) Stofnuninni skal upphaflega komið á fót í takmarkaðan tíma og starfsemi hennar metin til að ákvarða hvort starfstími hennar skuli framlengdur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. HLUTI

STARFSSVIÐ, MARKMIÐ OG VERKEFNI

1. gr.

Starfssvið

1. Til að tryggja öflugt og skilvirkt net- og upplýsingaöryggi innan Bandalagsins og til að þróa net- og upplýsingaöryggismenningu í þágu borgaranna, neytenda, fyrirtækja og opinberra stofnanna í Evrópusambandinu og stuðla þannig að snuðulausri starfsemi innri markaðarins er Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu hér með komið á fót, hér á eftir nefnd „stofnunin“.

2. Stofnunin skal vera framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum til aðstoðar og því vera í samstarfi við viðskiptalífnið til að aðstoða það við að uppfylla kröfur um net- og upplýsingaöryggi og tryggja þannig snuðulausa starfsemi innri markaðarins, þ.m.t. kröfur sem settar eru fram í gildandi löggjöf og framtíðarlöggjöf Bandalagsins, s.s. tilskipun 2002/21/EB.

3. Markmið og verkefni stofnunarinnar skulu ekki hafa áhrif á valdsvið aðildarríkjanna að því er varðar net- og upplýsingaöryggi sem fellur utan gildissviðs EB-sáttmálans, sem kveðið er á um í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, og ekki í neinum tilvikum um starfsemi sem varðar almannaöryggi, varnarmál, öryggi ríkisins (þ.m.t. efnahagsleg velferð ríkisins ef starfsemin tengist öryggismálum ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga.

2. gr.

Markmið

1. Stofnunin skal auka getu Bandalagsins, aðildarríkjanna og þar af leiðandi viðskiptalífsins til að koma í veg fyrir, takast á við og bregðast við vandamálum í tengslum við net- og upplýsingaöryggi.

2. Stofnunin skal vera framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum til aðstoðar og ráðgjafar um málefni er varða net- og upplýsingaöryggi sem heyra undir valdsvið hennar eins og segir í þessari reglugerð.

3. Á grundvelli þess starfs sem fer fram á innlendum vettvangi og innan Bandalagsins skal stofnunin koma sér upp yfirlýsingum sérfræðikunnáttu. Stofnunin skal nota þessa sérfræðipækkingu til að örva viðtækt samstarf milli einkaaðila og opinberra aðila.

4. Stofnunin skal vera framkvæmdastjórninni til aðstoðar, þegar þess er óskað, við tæknilega undirbúningsvinnu vegna uppfærslu og þróunar á löggjöf Bandalagsins á sviði net- og upplýsingaöryggis.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

3. gr.

Verkefni

Til að tryggja að stofnunin nái yfir það starfssvið og nái þeim markmiðum sem tilgreind eru í 1. og 2. gr. skal hún vinna að eftirfarandi verkefnum:

- a) safna upplýsingum til að greina núverandi og nýja áhættu og, einkum á evrópskum vettvangi, aðra áhættu sem gæti haft áhrif á viðnámsþol rafrænna fjarskiptaneta og aðgengi að þeim og á sannvottaðan uppruna, heilleika og leynd þeirra upplýsinga sem eru sóttar og sendar um þau og leggja niðurstöður greiningarinnar fyrir aðildarríkin og framkvæmdastjórnina,
- b) veita Evrópuþinginu, framkvæmdastjórninni, evrópskum aðilum eða þar til bærum innlendum aðilum, sem aðildarríkin tilnefna, ráðgjöf og aðstoð m.t.t. markmiða hennar, ef eftir henni er leitað,
- c) auka samstarf milli ýmissa aðila sem starfa á sviði net- og upplýsingaöryggis, m.a. með því að skipuleggja reglulega samráð við atvinnulífið og háskóla sem og aðra hlutaðeigandi geira og með því að koma á tengslaneti fyrir stofnanir Bandalagsins, opinberar stofnanir, sem aðildarríkin tilnefna, stofnanir innan einkageirans og neytendasamtök,
- d) auðvelda samstarf milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna við að þróa sameiginlega aðferðafræði til að koma í veg fyrir, fjalla um og bregðast við vandamálum í tengslum við net- og upplýsingaöryggi,
- e) stuðla að vitundarvakningu og því að tiltækar séu tímanlegar, hlutlægar og ítarlegar upplýsingar um net- og upplýsingaöryggismál fyrir alla notendur, m.a. með því að hvetja til að skipst sé á núverandi, bestu starfsvenjum, þ.m.t. aðferðir við að vara notendur við og leita eftir samvirkni milli framtaksverkefna innan opinbera geirans og einkageirans,
- f) aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin í skoðanaskiptum þeirra við atvinnulífið til að fjalla um öryggistengd vandamál að því er varðar vélbúnaðar- og hugbúnaðarvörur,
- g) fylgjast með þróun staðla fyrir vörur og þjónustu í tengslum við net- og upplýsingaöryggi,
- h) vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um rannsóknir á sviði net- og upplýsingaöryggis, sem og um skilvirka notkun tækni til að draga úr áhættu,
- i) hvetja til starfsemi í tengslum við áhættumat, rekstrarsamhæfar lausnir við áhættustjórnun og koma í veg fyrir áhættu innan stofnana í opinbera geiranum og einkageiranum,
- j) leggja sitt af mörkum til aðgerða Bandalagsins til að starfa með þriðju löndum og, eftir því sem við á,

alþjóðastofnunum og stuðla þannig að þróun net- og upplýsingaöryggismenningar,

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „net“: sendikerfi og, ef við á, skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. gervitunglanet, fóst net (línu- eða pakkaskipt, þ.m.t. Netið) og farnet á jörðu niðri, rafdreifikerfi, að því marki sem þessi kerfi eru notuð til að senda merki, net fyrir hljóðvarp og sjónvarp og kapalsjónvarpsnet án tillits til þeirra upplýsinga sem sendar eru,
- b) „upplýsingakerfi“: tölvur og rafræn fjarskiptanet, ásamt rafrænum gögnum sem eru vistuð, unnin, sótt eða send fyrir tilstilli þeirra til að reka, nota og vernda þau og viðhalda þeim.
- c) „net- og upplýsingaöryggi“: geta nets eða upplýsingakerfis til að standast, með tilteknu öryggisstigi, atburði sem verða fyrir slysi eða aðgerðir sem eru ólöglegar eða framdar af illum hvötum sem stofna í hættu aðgengi, sannvottuðum uppruna, heilleika og leynd vistaðra eða sendra gagna og tengdrar þjónustu sem boðin er eða er aðgengileg um þessi net og kerfi,
- d) „aðgengi“: gögnin eru aðgengileg og þjónustan starfhæf,
- e) „sannvottun uppruna“: staðfesting á tilgreindu auðkenni aðila eða notenda,
- f) „heilleiki gagna“: staðfesting á að gögnin, sem hafa verið send, tekið hefur verið við eða sem hafa verið vistuð, séu öll fyrir hendi og óbreytt,
- g) „gagnaleynd“: vernd fjarskipta eða vistaðra gagna gegn hlerunum eða því að einstaklingar, sem ekki hafa til þess heimild, geti lesið þau,
- h) „áhætta“: líkindin á að veikleiki í kerfinu hafi áhrif á sannvottun eða aðgengi, sannvottaðan uppruna, heilleika eða leynd gagnanna, sem eru unnin eða send, og hversu alvarleg áhrifin eru sem leiðir af því að slíkur veikleiki sé notaður af ásetningi eða af vangá,

- i) „áhættumat“: vísindalega og tæknilega grundvallað ferli sem skiptist í fjögur þrep: greiningu á hættu, lýsingu á hættu, mati á veikum þáttum og lýsingu á áhættu,
- j) „áhættustjórnun“: ferli, skýrt aðgreint frá áhættumati, sem felst í því að vega og meta mismunandi stefnuvalkosti í samráði við hagsmunaaðila, með hliðsjón af áhættumati og öðrum lögmætum þáttum og, ef þörf krefur, velja viðeigandi úrræði til forvarna og stjórnunar,
- k) „net- og upplýsingaöryggismenning“: sama merking og í viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um öryggi upplýsingakerfa og -neta frá 25. júlí 2002 og ályktun ráðsins frá 18. febrúar 2003 um evrópska nálgun á net- og upplýsingaöryggismenningu ⁽¹⁾.

2. HLUTI

SKIPULAG

5. gr.

Aðilar stofnunarinnar

Til stofnunarinnar teljast:

- stjórn,
- framkvæmdastjóri og
- fastahópur hagsmunaaðila.

6. gr.

Stjórn

1. Í stjórninni er einn fulltrúi frá hverju aðildarríki, þrjú fulltrúar, sem framkvæmdastjórnin skipar, ásamt þremur fulltrúum sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu um og ráðið skipar en hafa ekki atkvæðisrétt þar sem hver um sig er fulltrúi eins af eftirfarandi hópum:

- upplýsinga- og fjarskiptatækniiðnaðarins,
- neytendahópa,
- háskólamenntaðra sérfræðinga í net- og upplýsingaöryggi.

2. Stjórnarmenn skal skipa á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðispekkingar á sviði net- og upplýsingaöryggis. Fulltrúum er heimilt að senda varamenn í sinn stað en þeir eru tilnefndir á sama tíma .

3. Stjórnin kys formann og varaformann úr sínum röðum til tveggja og hálfis árs tímabils sem heimilt er að framlengja. Varaformaður kemur í krafti embættis síns í stað formanns í forföllum hans.

4. Stjórnin setur sér starfsreglur á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjórninni. Stjórnin skal taka ákvarðanir sínar með meirihluta atkvæða nefndarmanna sem hafa atkvæðisrétt, nema kveðið sé á um annað.

Tveir þriðju hlutar atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna eru nauðsynlegir til að samþykkja starfsreglur, innri rekstrarreglur stofnunarinnar, fjárhagsáætlunina, árlegu starfsáætlunina sem og til að skipa framkvæmdastjóra og víkja honum úr starfi.

5. Formaður stjórnar boðar til fundar. Stjórnin skal halda tvo reglubundna fundi á ári. Hún skal einnig halda aukafundi að frumkvæði formannsins eða að beiðni a.m.k. þriðja hluta atkvæðisbærra stjórnarmanna. Framkvæmdastjóri skal taka þátt í fundum stjórnarinnar, án atkvæðisréttar, og sér hann um skrifstofuþjónustu.

6. Stjórnin skal samþykkja innri rekstrarreglur stofnunarinnar á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjórninni. Þessar reglur skulu gerðar opinberar.

7. Stjórnin skal skilgreina almenn stefnumið fyrir rekstur stofnunarinnar. Stjórnin skal sjá til þess að stofnunin starfi í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 12. til 14. gr. og 23. gr. Hún skal einnig tryggja að starf stofnunarinnar sé í samræmi við þá starfsemi sem aðildarríkin annast sem og starfsemi á vettvangi Bandalagsins.

8. Fyrir 30. nóvember ár hvert skal stjórnin, eftir að henni hefur borist álit framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja starfsáætlun stofnunarinnar fyrir næsta ár. Stjórnin skal einnig sjá til þess að starfsáætlunin sé í samræmi við starfssvið, markmið og verkefni stofnunarinnar sem og forgangsröðun við löggjöf og stefnumótun Bandalagsins á sviði net- og upplýsingaöryggis.

9. Fyrir 31. mars ár hvert skal stjórnin samþykkja almenna skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á næstliðnu ári.

10. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir stofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽²⁾, nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna reksturs stofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 48, 28.2.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

7. gr.

Framkvæmdastjóri

1. Framkvæmdastjóri fer með stjórn stofnunarinnar og skal vera óháður öðrum við embættisfærslu sína.

2. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra og er hann valinn af skrá yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórinn gerir tillögu að í kjölfar opinna samkeppni sem fram fer eftir að auglýst hefur verið eftir yfirlýsingum um áhuga á þátttöku í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og annars staðar. Framkvæmdastjórinn skal skipaður á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunarhæfileika auk hæfni og reynslu sem tengist net- og upplýsingaöryggi. Áður en umsækjandinn, sem stjórnin tilnefnir, er skipaður skal honum án tafar boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir Evrópuþinginu og svara spurningum frá þeim sem þar eiga sæti. Evrópuþingið og ráðið geta einnig, hvenær sem er, óskað eftir skýrslugjöf framkvæmdastjórans um öll málefni sem tengjast starfsemi stofnunarinnar. Stjórnin getur vikið framkvæmdastjóra úr starfi.

3. Skipunartími framkvæmdastjóra getur verið allt að fimm ár.

4. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á:

- a) daglegum rekstri stofnunarinnar,
- b) að semja tillögu að starfsáætlun stofnunarinnar að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og fastahóp hagsmunaaðila,
- c) að framkvæma starfsáætlanirnar og þær ákvarðanir sem stjórnin samþykkir,
- d) að tryggja að stofnunin annist verkefni sín í samræmi við kröfur þeirra sem nýta sér þjónustu hennar, einkum að því er varðar að þjónustan sé viðunandi,
- e) að gera drög að fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar og framkvæmd fjárhagsáætlunar hennar,
- f) öllu sem lýtur að starfsmannahaldi,
- g) að þróa tengsl við Evrópuþingið og halda þeim tengslum og tryggja reglubundin skoðanaskipti við hlutaðeigandi nefndir þingsins,
- h) að þróa tengsl við viðskiptalífið og neytendasamtök og halda þeim tengslum til að tryggja reglubundin skoðanaskipti við hlutaðeigandi hagsmunaaðila,
- i) að vera formaður fastahóps hagsmunaaðila.

5. Framkvæmdastjórinn skal árlega leggja eftirfarandi fyrir stjórnina til samþykktar:

- a) drög að ársskýrslu um starfsemi stofnunarinnar á næstliðnu ári,
- b) drög að starfsáætlun.

6. Eftir að stjórnin hefur samþykkt starfsáætlunina skal framkvæmdastjórinn framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og birta hana.

7. Eftir að stjórnin hefur samþykkt ársskýrsluna skal framkvæmdastjórinn senda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarráttarins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar og birta hana.

8. Eftir því sem nauðsynlegt er og ef það er innan starfsviðs, markmiða og verkefna stofnunarinnar er framkvæmdastjórninum heimilt, í samráði við fastahóp hagsmunaaðila, að koma á fót sérstökum vinnuhópum sérfræðinga. Stjórninni skal tilkynnt um það með tilhlýðilegum hætti. Málsmeðferðin, einkum að því er varðar samsetningu, skipan sérfræðinga af hálfu framkvæmdastjórans og starf sérstöku vinnuhópanna, skal tilgreind í innri rekstrarreglum stofnunarinnar.

Ef sérstakir vinnuhópar eru stofnaðir skulu þeir fjalla sérstaklega um málefni er varða tækni og vísindi.

Stjórnarmenn geta ekki verið meðlimir í sérstökum vinnuhópum. Fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar skulu eiga rétt á að sitja fundi þeirra.

8. gr.

Fastahópur hagsmunaaðila

1. Framkvæmdastjórinn skal koma á fót fastahópi hagsmunaaðila sem í eru sérfræðingar sem eru fulltrúar hlutaðeigandi hagsmunaaðila, s.s. upplýsinga- og fjarskipta-tækniöndurinn, neytendahópar og háskólamenntaðir sérfræðingar í net- og upplýsingaöryggi.

2. Málsmeðferðin, einkum að því er varðar fjölda, samsetningu, skipan þeirra sem eru í hópnum af hálfu framkvæmdastjórans og starf hópsins, skal tilgreind í innri rekstrarreglum stofnunarinnar og birt.

3. Framkvæmdastjórinn skal vera formaður hópsins. Skipunartími meðlimanna er tvö og hálf ár. Þeir sem eru í hópnum mega ekki sitja í stjórn stofnunarinnar.

4. Fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar skulu eiga rétt á að sitja fundi þeirra og taka þátt í starfi hópsins.

5. Hópurinn skal vera framkvæmdastjórninum til ráðgjafar við skyldustörf hans, samkvæmt þessari reglugerð, einkum við gerð tillögu að starfsáætlun stofnunarinnar, sem og að tryggja samskipti við hlutaðeigandi hagsmunaaðila um öll málefni sem tengjast starfsáætluninni.

3. HLUTI

12. gr.

STARFSEMI

Gagnsæi

9. gr.

Starfsáætlun

Stofnunin skal byggja starfsemi sína á því að framfylgja starfsáætluninni sem samþykkt er í samræmi við 8. mgr. 6. gr. Starfsáætlunin skal ekki koma í veg fyrir að stofnunin grípi til ófyrirséðra aðgerða sem falla innan starfssviðs og markmiða hennar og innan tiltekinna takmarkana fjárhagsáætlunarinnar.

10. gr.

Beiðnir til stofnunarinnar

1. Beiðnum um ráðgjöf og aðstoð, sem heyra undir starfssvið, markmið og verkefni stofnunarinnar, skal beint til framkvæmdastjórans og þeim fylgja grunnupplýsingar sem útskýra málefnið sem fjalla skal um. Framkvæmdastjórinn skal upplýsa framkvæmdastjórnina um beiðnir sem berast. Ef stofnunin synjar beiðni skal rökstyðja synjunina.

2. Eftirfarandi aðilar geta lagt fram beiðnir sem um getur í 1. mgr.:

- a) Evrópuþingið,
- b) framkvæmdastjórnin,
- c) allir þar til bærir aðilar sem aðildarríki tilnefnir, s.s. innlent stjórnvald eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

3. Stjórnin skal í innri rekstrarreglum stofnunarinnar mæla fyrir um hagkvæmt fyrirkomulag vegna beitingar 1. og 2. mgr., einkum að því er varðar afhendingu, forgangsröðun, eftirfylgni sem og að veita stjórninni upplýsingar um beiðnir til stofnunarinnar.

11. gr.

Yfirlýsing um hagsmuni

1. Framkvæmdastjórinn, sem og embættismenn sem aðildarríkin senda tímabundið til starfa, skulu gefa út yfirlýsingu um skuldbindingar og hagsmuni þar sem tilgreint er að þeir eigi engra beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta sem kynnu að skaða sjálfstæði þeirra. Slíkar yfirlýsingar skulu settar fram skriflega.

2. Utanaðkomandi sérfræðingar, sem taka þátt í störfum sérstakra starfshópa, skulu tilkynna á hverjum fundi um hvers kyns hagsmuni sem þeir eiga að gæta og kynnu að skaða sjálfstæði þeirra með tilliti til dagskrárliða.

1. Stofnunin skal sjá til þess að starfsemi hennar fari fram með mjög gagnsægjum hætti og í samræmi við 13. og 14. gr.

2. Stofnunin skal sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái hlutlausar, áreiðanlegar og aðgengilegar upplýsingar, einkum að því er varðar niðurstöður úr starfi hennar, eftir því sem við á. Hún skal einnig birta yfirlýsingar um hagsmuni sem framkvæmdastjórinn, sem og embættismenn sem aðildarríkin senda tímabundið til starfa, gefa, sem og yfirlýsingar um hagsmuni sem sérfræðingar gefa í tengslum við dagskrárliði fundu sérstöku starfshópanna.

3. Stjórninni er, að tillögu framkvæmdastjórans, heimilt að leyfa hagsmunaaðilum að fylgjast með tilteknum þáttum í starfsemi stofnunarinnar.

4. Í innri rekstrarreglum sínum skal stofnunin mæla fyrir um fyrirkomulag á framkvæmd reglnanna um gagnsæi sem um getur í 1. og 2. mgr.

13. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Með fyrirvara um 14. gr. skal stofnunin ekki láta þriðju aðilum í té trúnaðarupplýsingar sem hún vinnur eða fær í hendur og sem óskað hefur verið eftir að verði farið með sem trúnaðarmál

2. Stjórnarmenn, framkvæmdastjórinn, meðlimir fastahóps hagsmunaaðila, utanaðkomandi sérfræðingar sem taka þátt í störfum sérstakra vinnuhópa og starfsfólk stofnunarinnar, þ.m.t. embættismenn sem aðildarríkin senda tímabundið til starfa, skulu bundin þagnarskyldu sem helst jafnvel þótt þau láti af störfum skv. 287. gr. sáttmálans.

3. Í innri rekstrarreglum sínum skal stofnunin mæla fyrir um fyrirkomulag á framkvæmd reglnanna um þagnarskyldu sem um getur í 1. og 2. mgr.

14. gr.

Aðgangur að skjölum

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu stofnunarinnar.

2. Stjórn stofnunarinnar skal samþykkja fyrirkomulag við framkvæmd á reglugerð (EB) nr. 1049/2001 innan sex mánaða frá því að stofnuninni var komið á fót.

3. Ákvarðanir, sem stofnunin tekur, skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kærur til umboðsmanns eða málshöfðunar fyrir dómstól Evrópubandalaganna skv. 195. gr. sáttmálans í fyrra tilvikinu og 230. gr. í því síðara.

4. HLUÐI

FJÁRHAGSÁKVÆÐI

15. gr.

Samþykkt fjárhagsáætlunar

1. Tekjur stofnunarinnar eru fjárframlög frá Bandalaginu og öll framlög frá þriðju löndum, sem taka þátt í starfi stofnunarinnar, eins og kveðið er á um í 24. gr.

2. Til útgjalda stofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmanna, tæknilegrar og stjórnunarlegrar aðstoðar, grunnvirkja og rekstrarútgjalda og útgjöld í tengslum við samninga sem gerðir eru við þriðju aðila.

3. Eigi síðar en 1. mars ár hvert skal framkvæmdastjórinn gera drög um tekjur og gjöld fyrir komandi fjárhagsár og leggja hana fyrir stjórnina ásamt drögum að yfirliti yfir stöðugildi.

4. Jöfnuður skal vera milli tekna og gjalda.

5. Stjórnin skal árlega gera fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggð er á drögum framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld.

6. Eigi síðar en 31. mars skal stjórnin senda þessa fjárhagsáætlun, þar sem er að finna drög að yfirliti um stöðugildi og drög að verkefnaáætlun, til framkvæmdastjórnarinnar og til þeirra ríkja sem Bandalagið hefur gert samninga við í samræmi við 24. gr.

7. Framkvæmdastjórinn skal senda Evrópuþinginu og ráðinu, sem hvorttveggja er hér á eftir nefnt „fjárveitingavaldið“, fjárhagsáætlunina ásamt drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins.

8. Á grundvelli þessarar fjárhagsáætlunar skal framkvæmdastjórinn fella þá fjárhagsáætlun inn í drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins, sem hún telur nauðsynlega fyrir yfirlitið um stöðugildi, og þá styrkfjárhæð sem veita skal af fjárlögum og senda til fjárveitingavaldsins í samræmi við 272. gr. sáttmálans.

9. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til stofnunarinnar.

Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið um stöðugildi fyrir stofnunina.

10. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á, skal fjárhagsáætlun stofnunarinnar breytt til samræmis við það. Stjórnin skal tafarlaust senda hana til framkvæmdastjórnarinnar og fjárveitingayfirvaldsins.

11. Hafi stjórnin í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. kaup eða sölu bygginga. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta.

Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila álitum skal hann senda stjórninni álit sitt innan sex vikna frá tilkynningu verkefnisins.

16. gr.

Barátta gegn svikum

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólögumætri starfsemi gilda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽¹⁾ án takmarkana.

2. Stofnunin skal gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽²⁾ og skal þegar í stað setja viðeigandi ákvæði sem gilda skulu um alla starfsmenn stofnunarinnar.

17. gr.

Framkvæmd fjárhagsáætlunar

1. Framkvæmdastjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar stofnunarinnar.

2. Innri endurskoðandi framkvæmdastjórnarinnar skal hafa sama vald yfir stofnuninni og yfir deildum framkvæmdastjórnarinnar.

3. Gjaldkeri stofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar drög að reikningsskilum eigi síðar en 1. mars við lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr drögum að reikningsskilum stofnana og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr í reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽³⁾ hér á eftir nefnd almenna fjárhagsreglugerðin.

4. Gjaldkeri framkvæmdastofnunarinnar skal senda endurskoðunarréttinum drög að reikningsskilum stofnunarinnar eigi síðar en 31. mars við lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um fjárlaga- og fjármálastjórn á því fjárhagsári. Skýrslan um fjárlaga- og fjármálastjórn á fjárhagsárinu skal einnig send til fjárveitingarvaldsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

5. Þegar framkvæmdastjóra stofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarréttarins við drögin að reikningsskilum stofnunarinnar, skv. 129. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar, skal hann taka saman endanleg reikningsskil stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau til stjórnar stofnunarinnar til umsagnar.

6. Stjórnin skal skila álitum um endanleg reikningsskil stofnunarinnar.

7. Framkvæmdastjórinn skal senda endanleg reikningsskil, eigi síðar en 1. júlí við lok fjárhagsársins, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarréttarins ásamt álitum stjórnar stofnunarinnar.

8. Endanleg reikningsskil skulu birt.

9. Framkvæmdastjórinn skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar stofnunarinnar.

10. Fari Evrópuþingið þess á leit skal framkvæmdastjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 146. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

11. Fyrir 30. apríl, árið N + 2, skal Evrópuþingið, að fengnum tillæmum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa framkvæmdastjórnann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

5. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI

18. gr.

Réttarstaða

1. Stofnunin er Bandalagsstofnun. Hún hefur réttarstöðu lögaðila.

2. Stofnunin skal hafa það réttshæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Hún getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.

3. Framkvæmdastjórinn er í forsvari fyrir stofnunina.

19. gr.

Starfsfólk

1. Starfsfólk stofnunarinnar, þ.m.t. framkvæmdastjórinn, skal lúta þeim starfsreglum og reglugerðum sem gilda um opinbera starfsmenn og aðra í þjónustu Evrópubandalaganna.

2. Með fyrirvara um 6. gr. skal stofnunin hafa það vald gagnvart starfsfólki sínu sem yfirvald, sem skipar í stöður, og sem yfirvald, sem hefur heimild til að gera samninga samkvæmt starfsmannareglum og ráðningarskilmálum, gagnvart öðrum starfsmönnum.

Stofnuninni er einnig heimilt að ráða embættismenn sem aðildarríkin senda tímabundið til starfa og að hámarki í fimm ár.

20. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókunin um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um stofnunina og starfsfólk hennar.

21. gr.

Bótaábyrgð

1. Samningsbundin ábyrgð stofnunarinnar skal háð þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi samning.

Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem stofnunin hefur gert.

2. Þegar um er að ræða ábyrgð, sem er ekki samningsbundin, ber stofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem stofnunin eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín.

Dómstóllinn fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna slíks tjóns.

3. Persónuleg ábyrgð starfsfólks gagnvart stofnuninni lýtur þeim skilyrðum er gilda um starfsfólk stofnunarinnar.

22. gr.

Tungumál

1. Ákvæði reglugerðar nr. 1 frá 15. apríl 1958, þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu⁽¹⁾, gilda um stofnunina. Aðildarríkjunum og öðrum stofnunum, sem þau tilnefna, er heimilt að leita til stofnunarinnar og fá svar á því tungumáli Bandalagsins sem þau velja.

2. Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins, annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi stofnunarinnar⁽²⁾.

(¹) Stjtið. EB 17, 6.10.1958, bls. 385/58. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

(²) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2965/94 frá 28. nóvember 1994 um að koma á fót þýðingamiðstöð fyrir stofnanir Evrópusambandsins (Stjtið. EB L 314, 7.12.1994, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1645/2003 (Stjtið. EB L 245, 29.9.2003, bls. 13).

23. gr.

Vernd persónuupplýsinga

Þegar stofnunin annast vinnslu upplýsinga sem tengjast einstaklingum skal hún vera í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

24. gr.

Þátttaka þriðju landa

1. Öllum löndum er frjálst að gerast aðilar að stofnuninni ef þau hafa gert samninga við Evrópubandalagið þar sem þau samþykkja og beita löggjöf Bandalagsins á því sviði sem reglugerð þessi tekur til.

2. Í viðeigandi ákvæðum þessara samninga skal setja nánari ákvæði, þar sem m.a. er tilgreint hvernig, í hve miklum mæli og með hvaða hætti þessi lönd skuli taka þátt í starfi stofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði í tengslum við þátttöku í framtaksverkefnum sem stofnunin stendur fyrir, fjárframlög og starfsfólk.

6. HLUTI

LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Endurskoðunarákvæði

1. Eigi síðar en 17. mars 2007 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til skoðana allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila, annast mat á grundvelli þeirra viðmiðana sem hún og stjórnin samþykktu. Framkvæmdastjórnin skal annast matið, einkum

með það að markmiði að ákvarða hvort framlengja beri starfstíma stofnunarinnar umfram það tímabil sem tilgreint er í 27. gr.

2. Matið skal leiða í ljós hvaða áhrif stofnunin hefur haft til að ná settum markmiðum og leysa verkefni sín, sem og vinnuaðferðir hennar og gera viðeigandi tillögur, ef nauðsynlegt er.

3. Stjórnin tekur við skýrslu um matið og gefur út tilmæli til framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á þessari reglugerð sem eiga hugsanlega við. Framkvæmdastjórnin skal senda bæði niðurstöður matsins og tilmælin til Evrópuþingsins og ráðsins og þau skulu einnig birt opinberlega.

26. gr.

Eftirlit stjórnvalda

Starfsemi stofnunarinnar er háð eftirliti umboðsmanns í samræmi við ákvæði 195. gr. sáttmálans.

27. gr.

Lengd

Stofnuninni skal komið á fót 14. mars 2004 og skal hún starfa í fimm ár.

28. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 10. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.